

Sp.

5. Tillaga til þingsályktunar

um, að ríkisstjórnin gefi þinginu skýrslu um þátttöku sína í Parisarráðstefnunni og samningaumleitunir um dollaralán.

Frá Einari Olgeirssyni.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli nú þegar gefa þinginu fullkomna skýrslu um þátttöku sína í ráðstefnu 16 Evrópuþjóða í París s. l. sumar og um hvað síðan hafi verið gert í nafni íslenska ríkisins í þeim málum, er þar voru rædd, sérstaklega hvað snertir beiðni um lán hjá amerískum bönkum eða ríkisstjórn Bandaríkjanna.

Greinargerð.

Þjóðinni hefur borizt vitneskja um þátttöku núverandi ríkisstjórnar í ráðstefnu 16 Evrópuþjóða í París s. l. sumar, þar sem höfuðmálið var beiðni þessara ríkja um lán hjá ríkisstjórn Bandaríkja N.-Ameríku eða hjá amerískum bönkum. Þjóðin hefur ekkert fengið að vita um, hvað ríkisstjórnin hefur gert í þessum málum. Hins vegar hefur eitt aðalblað stjórnarinnar krafizt þess, að dollaralán væri tekið, og önnur blöð stjórnarinnar hótað þjóðinni því, að dollaralán yrði tekið, ef hún tæki ekki launalækkunarráðstöfunum stjórnarinnar með undirgefni.

Vitanlegt er, að þjóðin er andvíg öllum erlendum lántökum, þar sem þær stofna efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Þar sem ráðherrar núverandi ríkisstjórnar hins vegar eru áður reyndir að því að ofurselja erlendu stórveldi dýrmæt landsréttindi þvert ofan í vilja þjóðarinnar og eru nú að vinna að því að eyðileggja afkomumöguleika hennar og rýra lífskjör almennings í hvívetna, er óhjákvæmilegt, að þing og þjóð fái strax að vita, hve langt ríkisstjórnin hefur þegar gengið að þinginu forspurðu í samningaumleitunum um dollaralán, svo þinginu gefist kostur á að stöðva það framferði, ef það er ekki orðið of seint.